

GÁTTARFLÖKT/GÁTTARTIF

FERLI SJÚKLINGA MEÐ ÁÐUR GREINT GÁTTARFLÖKT/TIF

Innvalsskilmerki

Þessi verkferill á við um þá sem:

- Hafa áður verið greindir með hjartsláttaróreglu sem krefst leiðréttingar, og eru á blóðþynningu
 - Hjartamagnyl (Acetylsalicylsýra)
 - Warfarin (Kóvar)
 - Dabigatram (Pradexa)
 - Rivaroxaban (Xarelto)
 - Apixaban (Eliquis)
 - Edoxaban (Lixiana)
- Eru með stöðugt INR gildi, INR= 2,0 samfellt í 3 vikur
- Teljast vera með stöðug lífsmörk, en hjartsláttartíðni í óreglu sé undir 110


Útilokunarskilmerki

Þessi verkferill á ekki við um þann sem:

- Telst vera með óstöðug lífsmörk, losteinkenni eða hótandi lost.
- Er með önnur einkenni svo sem brjóstverk, hjartabilun, hjartadrep eða öndunarbílun
- Er áfram með hjartsláttartíðni yfir 110 þrátt fyrir lyfjameðferð á bráðadeild.

Upphafsmat og meðferð innan tímamarka samkvæmt forgangsflokki

- Lífsmörk mæld** (ÖT, saO₂, púls, BP, hiti, AVPU, verkir)
- Sjúklingur tengdur í hjartasírta**
- Tekið er hjartalínurit**
- Aðdragandi og ástand við komu metið:**
 - Upphaf einkenna, lýsing, eiginleiki
 - Heilsufarssaga
 - Lyfjasaga
 - Neysla áfengis eða vímuefna
 - Rafvent? Gangráður? Bjargráður?
- Blóðprufur teknar samkvæmt fyrirmælum:**
 - Blóðhagur, Se-Na, Se- K, glúkósi, kreatínín, TSH (TNT ef brjóstverkur)
- Settur er æðaleggur**
- Hraðastillandi lyfjameðferð hafin** ef hjartsláttartíðni er yfir 110 slög/mínútu



Já

Nei

Greining og meðferðaráætlun

- Greining staðfest í ljósi skoðunar og rannsókna
- Samráð haft við vakthafandi hjartalækni
- Ákvörðun tekin um lyfjameðferð fram að rafvendingu
- Rafvending bókuð á flýtimóttöku hjartagáttar (rafvent mánudaga og fimmtudaga)
- Sjúklingur upplýstur um viðbrögð ef versnandi líðan

Útskrift með ráðgerðri rafvendingu á flýtimóttöku hjartagáttar

Óskið eftir aðstoð ritara við að:

- Bóka tíma í rafvendingu (rafvent mánudaga og fimmtudaga)
- Bóka blóðprufu sama morgun kl. 08:00
- Bóka tíma í hjartalínurit sama morgun

Fræðsla fyrir útskrift:

- Hjúkrunarfræðingur/læknir upplýsir um væntingar og líðan fram að rafvendingu
- Æðaleggur er fjarlægður
- Sjúklingi er afhent fræðsluefni um [gáttatíf](#) og [rafvendingu](#)